

Svar

utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Degi B. Eggertssyni um fyrirkomulag og umfang upplýsingatækni hjá ríkinu.

1. *Hversu margir aðilar kaupa inn hvers kyns vörur eða þjónustu á sviði upplýsingataekni og stafrænna mála á vegum ráðuneytisins?*

Skrifstofustjóri þjónustuskrifstofu utanríkisráðuneytisins fer með yfirumsjón með innkaupum ráðuneytisins á sviði upplýsingataekni og stafrænna mála.

Undir skrifstofustjóra heyrir tölvudeild og öryggis- og húsnæðisdeild. Þessar deildir sjá um fyrrgreind innkaup og ber deildarstjóri hvorar deildar fyrir sig ábyrgð á þeim.

Deildarstjóri öryggis- og húsnæðisdeilda sér um innkaup á hugbúnaði og vélbúnaði vegna öryggis- og húsnæðismála, sem og öryggismyndavélar, aðgangskerfi, hússtjórarkerfi o.fl. Einnig sér viðkomandi um innkaup á sérhæfðari tæknibúnaði.

Deildarstjóri tölvudeilda sér um innkaup á skrifstofubúnaði, bæði hugbúnaði og vélbúnaði, netbúnaði, fundarherbergjabúnaði og annars konar tæknibúnaði sem þörf er á í ráðuneytinu og á sendiskrifstofum.

Vakin er athygli á því að Umbra, rekstrarfélag stjórnarráðsins, sér um innkaup á öllum hugbúnaði frá Microsoft í krafti samnings ríkisins við Microsoft. Deildarstjóri tölvudeilda ber ábyrgð á því að kortleggja þarfir ráðuneytisins á slíkum hugbúnaðarleyfum.

2. *Hefur ráðuneytið á að skipa sérhæfðu starfsfólki vegna innkaupa á upplýsingataekni eða stafrænna mála?*

Eins og kemur fram í svari við 1. tölul. er framkvæmd innkaupa á framangreindum sviðum á ábyrgð tveggja deildarstjóra þjónustuskrifstofu. Báðir þessir starfsmenn hafa mikla reynsla af innkaupum á sviði upplýsingataekni og stafrænna málefna og hafa sótt fræðslu í opinberum innkaupum. Þegar kemur að innkaupum á Microsoft-vörum þá sér Microsoft leyfasérfræðingur Umbru um innkaup á hugbúnaðarvörum fyrir hönd ráðuneytisins.

3. *Hver var heildarrekstrarkostnaður og fjárfestingarkostnaður ráðuneytisins árin 2021, 2022, 2023 og 2024 vegna upplýsingataeknireksturs og stafrænna mála? Svar óskast sundurliðað eftir kostnaðarstöð og því hvort um er að raða fjárfestingu eða rekstur. Einnig er óskað eftir að sá hluti rekstrar- og fjárfestingarkostnaðar sem telst voru- eða þjónustukaup verði flokkaður eftir tegund innkaupa (lausaffárkaup, útboð, rammasamningar o.s.fl.) og hvort þau kaup voru með aðstoð Ríkiskaupa (Fjársýslunnar) eða annarra og þá hverra.*

Í eftirfarandi töflu kemur fram heildarumfang fjárfestinga árin 2021–2024, sundurliðað eftir stofnun (fjárlagalið):

Stofnun	2021	2022	2023	2024
03101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	18.986.184	-3.372.574	5.674.045	45.600.170
03111 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis	-264.881	-61.769	0	0
03213 Varnarmál	227.892	6.409.424	-1.830.990	-557.632
03300 Sendiráð Íslands	7.576.548	-9.389.999	10.230.825	-5.477.108
03390 Alþjóðleg þróunarsamvinna	-3.661.927	45.671	12.004.240	-4.427.846

Fyrst og fremst er um að ræða kaup á vélbúnaði (tölvum, tölvuskjám og þess háttar) sem eru gerð í gegnum rammasamninga. Árið 2023 var einnig keyptur vélbúnaður að upphæð 13,1 millj. kr í tveimur örútboðum innan rammasamnings, en hið fyrra var unnið með aðstoð Ríkiskaupa. Árið 2024 var sömuleiðis keyptur vélbúnaður fyrir um 27 millj. kr með örútboði innan rammasamnings með aðstoð Ríkiskaupa. Útboðið kvað á um möguleika á frekari kaupum á sömu kjörum. I framhaldi útboðsins var því bætt við vélbúnaði fyrir um 11 millj. kr.

Í eftirfarandi töflu kemur fram heildarumfang rekstrarkostnaður vegna hugbúnaðar og þjónustu árin 2021–2024, sundurlíðað eftir stofnun (fjárlagalið):

Stofnun	2021	2022	2023	2024
03101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	56.161.859	56.971.137	75.643.484	122.036.412
03111 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis	5.091.124	4.083.710	6.424.507	6.840.040
03190 Ýmis verkefni	847.800		464.922	53.988
03213 Varnarmál	7.925.941	46.913		
03300 Sendiráð Íslands	20.888.077	18.835.649	23.031.549	26.026.758
03390 Alþjóðleg þróunarsamvinna	3.865.873	4.532.744	3.445.699	11.428.760

Þá fellur til launakostnaður og ýmis annar kostnaður vegna starfsfólks ráðuneytisins sem sinnir þessum verkefnum, en heildarlaunakostnaður vegna þessa starfsfólks nam 103.785.052 kr. árið 2021, 123.373.847 kr. árið 2022, 116.131.808 kr. árið 2023 og 116.442.096 kr. árið 2024

4. Hvað starfar margt starfsfólk annars vegar og verktakar hins vegar á sviði upplýsingatækni eða stafrænna mála á vegum ráðuneytisins?

Starfsmenn tölvudeildar utanríkisráðuneytisins eru sjö talsins; deildarstjóri, fjórir kerfisstjórar og tveir háskólamenntaðir fulltrúar.

Starfsmenn öryggis- og húsnaðismála eru tveir talsins; deildarstjóri og kerfisstjóri.

Að svo stöddu er enginn verktaki með fastan samning á fyrrgreindum sviðum á vegum ráðuneytisins. Ráðuneytið hefur gert þjónustusamninga við fyrirtæki í upplýsingataeknigeir-anum sem gerir ráðuneytinu kleift að kalla til sértæka utanaðkomandi sérfræðinga í verkefni sem ráðist er í. Ef þjónustusamningur fyrir tiltekið verkefni er ekki fyrir hendi og ef umfang verkefnis rúmast ekki innan hans er framkvæmd verðkönnun eða útboð.

5. Hversu margt fólk starfar við hugbúnaðargerð eða þróun, svo sem fram- eða bakenda-forritun, á vegum ráðuneytisins?

Enginn starfsmaður ráðuneytisins vinnur eingöngu við hugbúnaðargerð eða þróun fyrir ráðuneytið. Kerfisstjórar tölvudeildar sjá þó um viðhald á hugbúnaði sem deildin rekur. Ýmist er slíkt viðhald framkvæmt af kerfisstjórunum sjálfum eða utanaðkomandi sérfræðingur er kallaður til. Kerfisstjórar ráðuneytisins sinna þó, eftir atvikum, þróun á stafvæðingu og sjálfvirknivæðingu innri ferla. Sú þróunarvinna er að mestu útfærð innan viðurkenndra hugbúnaðarvettvanga, eins og Microsoft Power Platform.

Áætlað er að u.þ.b. 7 vinnustundir hafi farið í þetta svar.